

## REGLUR

### um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

#### 1. gr.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
4. flokkur	> 3.000.000	8% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2%, í 3. flokk skal verðfellt um 5% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk skal verðfellt um 8%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

#### 2. gr.

Þá hefur verðlagsnefnd búvöru einnig ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með frumutölu sem hér segir:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	1% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000	3% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.

Verðfelling miðast við margfeldismeðaltal mánaðar og að það hafi farið tvo mánuði í röð upp fyrir mörk 1. flokks og þá er reiknuð verðfelling fyrir innlegg síðasta mánaðar miðað við flokkun þess mánaðar.

#### 3. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg mánaðar frá viðkomandi framleiðanda verðfellt um 8% af lágmarksverði mjólkur.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2005, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 294/2004 um sama efni.

*Reykjavík, 22. desember 2004.*

F. h. verðlagsnefndar búvöru,  
**Ólafur Friðriksson** formaður.